

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 28. maí 2020 kl. 9:30, en þetta var 79. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson og Ágústa Þorbergsdóttir, en Stofnun Árna Magnússonar hafði ekki heimilað nefndinni fjölmennari fund í fundarherberginu á 4. hæð vegna kórónuveirufaraldursins (COVID).

1. Fundargerð:

Fundarmenn samþykktu fundargerð 77. fundar 12. mars 2020 fyrir sitt leyti. Fundargerð frá 78. fundi þann 14. maí með takmörkuðum fjölda nefndarmanna (JHJ, EPH og RTG) lá einnig fyrir.

2. Orðabókarvinnan:

Allergy: Ágústa hafði skilað inn athugasemdum fyrir 78. fund. Viðstaddir fóru yfir listann, sem taldi 55 færslur, og greindu frá persónulegum athugasemdum sínum.

Immunity: Farið var yfir 16 færslur sem á listanum eru og gerðar nokkrar athugasemdir. Nefndarmönnum var falið að hugleiða til næsta fundar þau atriði sem skoða þyrfti betur.

Immunization: Farið var einnig yfir þær 16 færslur sem á þessum lista eru og gerðar voru einstaka athugasemdir. Nefndarmönnum var einnig falið að hugleiða til næsta fundar þau atriði sem skoða þyrfti betur.

3. Önnur mál:

Tekin var til umræðu nýleg fyrirspurn frá Rafni Benediktssyni, lækni, vegna heitanna „dynamic endocrine test“ og „exophthalmometer“. Fram komu tillögurnar „virkniþróf“ eða „starfrænt innkirtlapróf“ fyrir fyrra heitið og tillögurnar „úteygðarstika“ og „úteygðarmælir“ fyrir tvær gerðir af mismunandi búnaði fyrir mælingu á úteygð, annars vegar einfaldri mælistiku og hins vegar flóknara mælitæki.

4. Næsti fundur

Næsti orðanefndarfundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 11. júní 2020, kl. 9:30 og þá með öllum nefndarmönnum og ráðgjafa nefndarinnar, Ágústu Þorbergsdóttur. JHJ mun að venju undirbúa þann fund og boða nánar með hefðbundnu tölvupóstskeyti.

Fundi var slitið kl. 10:35. Fundargerð ritaði JHJ.